



Stjórnarfundur AKÍS

Fundargerð

Staður og tími: Raunfundur - 3. maí 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS) á Zoom, Halldór Viðar Hauksson (HVH) á Zoom,

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA), Jóhann Egilsson (JE)

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmenn og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður

AS ritaði fundargerð.

1. Bréf frá fulltrúa WIM

AS vék af fundi meðan liður 1 var ræddur.

BH ritar eftirfarandi:

Varðandi neikvæða umræðu um einstaklinga sem að akstursíþróttastarfi koma, og sérstaklega varðandi FIA WIM, þakkar stjórnin ábendinguna og mun leggja sig fram við að áréttta við þá sem á vegum sambandsins starfa að sýna virðingu í samskiptum.

Varandi lokaðan hóp um WIM hefur stjórn AKÍS leitað til FIA varðandi leiðbeiningar og upplýsingar um hvernig rétt er staðið sé að slíku starfi innan lands.

Varðandi notkun WIM merkis og nafns hefur stjórnin einnig leitað upplýsinga og bíður eftir svörum. Stjórn AKÍS mun tryggja að áframhaldandi starf WIM verði rekið með þeim hætti að það falli að þeim reglum sem FIA setur um það.

10. maí mun stjórnin funda sérstaklega um WIM starf á Íslandi og þá mun vonandi flest af ofangreindu liggja ljósar fyrir.

Formanni falið að koma þessum upplýsingum til hlutaðeigandi.

2. Svör frá keppnisráðum

HKS sendi tölvupóst á öll keppnisráð fyrir í vor þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum um virkni, fundargerðir og starf. Svör vantar enn frá tveimur keppnisráðum af sex og mun HKS ganga eftir viðbrögðum frá þeim.

3. Formannafundur - verðlaunaafhending Íslandsmeistararitla

Ákveðið að halda formannafund ársins, verðlaunaafhendingu Íslandsmeistararitla og afmælishátíð sambandsins laugardaginn 5. nóvember 2022.



4. Úttektir keppnissvæða

Tom Kaasa frá Noregi getur komið 13. - 14. maí n.k. að taka út hringakstursbrautir. Ákveðið að reyna að fá hann seinna á árinu og nýta tímann til að undirbúa betur hér heima svo heimsóknin nýtist sem best.

5. Öryggisráð

Ari Halldór Hjaltason hefur haft samband við HKS og boðist til að taka að sér formennsku í öryggisráðinu. Samþykkt að skipa Ara sem formann.

6. Rafræn skírteini

Búið að gefa út skírteini fyrir stjórn sambandsins og öll keppnisráð.

7. Önnur mál

Ráðning á framkvæmdastjóra - Fulltrúar úr stjórn hafa valið 6 einstaklinga í viðtöl úr hópi 13 umsækjenda. Búið er að taka eitt viðtal og er stefnt á að klára viðtöl við alla fyrir næstu helgi.

Næsti fundur stjórnar 10. maí kl 18:00 vegna Woman in Motorsport.

- 17. maí kl 18:00 sem fjarfundur.

Fundi slitið kl. 19.07